

Fundargerð 189. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 10. október 2024, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Einar Óskar Friðfinnsson og Pétur Freyr Jónsson.

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 188

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar hefur verið send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður fer yfir skýrslu sína og stöðu kjaramála:

- Formaður segir frá því að mikið hafi verið fundað í stærri og minni hópum varðandi ASÍ þingið. Vangaveltur hafa verið uppi um hver verði næsti forseti ASÍ en sitjandi forseti ætlar að gefa kost á sér áfram. Einnig hafa verið vangaveltur um varaforseta stöðurnar en Ragnar Þór hjá VR gefur kost á sér í 1. varaforseta, Hjördís hjá AFLÍ í 2. varaforseta og líklega verður kosið á milli Kristjáns Þórðar og Sólveigar Önnu í 3. Varaforseta.
- Varðandi orlofsmálin hafa starfsmenn Fagfélaganna verið að taka saman viðhaldspörf á orlofshúsa og hvernig hægt er að sinna því.
- Varðandi samningamál þá hefur verið fundað með SA/SFS/ vegna fyrirtækja í fiskeldi. Annar fundur verður boðaður á næstunni. Samningar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs og sveitarfélögunum hafa verið kláraðir. Eftir stendur að gera samninga við Hafrannsóknarstofnun, Landhelgisgæsluna, Landssamband smábátæigenda, Sanddæluskipin og Faxaflóahafnir. Umræða um hverjir falla undir kjarasamninginn við Faxaflóahafnir.
- Húsnaðið í Akralind (geymsla) var selt fyrir kr. 54.900.000 og kom 16.470.000 í hlut VM sem átti 30% eignarhlut í húsnaðinu. Búið er að ganga frá kaupsamningi. Allir stjórnarmenn VM þurfa að undirrita samþykki vegna sölunnar.

3. ASÍ þing

- Formaður fer yfir hverjir verði fulltrúar VM á ASÍ þinginu í næstu viku 16.-18. október nk. Þingið mun hefjast með pallaborðsumræðum miðvikudaginn 16. október frá kl. 10-15 sem eru opnar öllum. Fulltrúar þurfa að velja fyrir fram í hvaða málsstofum þeir ætla að taka þátt.

4. Skipun nefnda

- a) Lífeyrisnefnd: Búið að skipa lífeyrisnefnd. Það þarf að senda tilkynningu á fyrri lífeyrisnefnd um að hún sé ekki til lengur.
- b) Fagnefnd sjómanna: Ekki búið að manna þá nefnd að fullu.

5. Orlofsmál

- Orlofsnefnd hefur unnið skjal yfir viðhaldsframkvæmdir á orlofshúsum sem þarf að ráðast í. Umræða um hlutverk orlofsnefndar og aðgengi stjórnarmanna að lista yfir fyrirhugaðar framkvæmdir og kostnað. Kostnaður við orlofshús var 31 milljón á árinu 2023, þar af 18,8 milljónir í viðhald. Leigutekjur voru 39 milljónir á árinu 2023 og orlofsgjald 92 milljónir þ.e. samtals 130 milljónir sem komu beint inn í orlofssjóð á síðasta ári. Kostnaður við nýbyggingar eru ekki inn í þessum tölum.
- Formaður leggur til að orlofsnefnd fái 50 milljónir til ráðstöfunar í viðhald fram að áramótum. Samþykkt. Einn stjórnarmaður situr hjá. Umræða um kostnað við eignarhald og hvort kaupa eigi eignir í þéttbýliskjörnum.

6. Til upplýsinga

- a) Ósk um styrk fyrir Landsbjörg -björgunarskip:
 - Formaður segir frá því að VM og félag skipstjórnarmanna hafi verið boðaðir á fund Landsbjargar vegna kaupa á björgunarbátum. Skipstjórnarmenn og SFS ætla ekki að styrkja verkefnið. Tillaga formanns um að VM taka ekki þátt í þessu. Samþykkt.
- b) Ritun kjarasamninga
 - Formaður upplýsir stjórnarmenn um að vinna sé í gangi við að hreinskrifa kjarasamninga sem VM á aðild að.

7. Önnur mál

- Yfirlit yfir styrkveitingar úr AKKI eru komnar inn í stjórnargátt í Coredata.
- Sjúkrasjóður: Formaður segir frá því að sjúkrasjóðsnefnd hafi fundað í gær og gert breytingar á forminu varðandi umsóknir um styrki. Umræða um fjárhæð styrkja úr sjúkrasjóði vegna laser-sjónaðgerða og þann mun sem er á fjárhæðum styrkja milli VM og annarra stéttarféлага. Formaður segir frá því að vinna sé í gangi hjá Fagfélögunum við að samræma úthlutunarreglur sjúkrasjóða milli VM, MATVÍS og RSÍ. Ákveðið að skoða málið betur þegar niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir. Ályktað að skýra þurfi betur úthlutunarreglur sjúkrasjóðs á heimasíðu VM.



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna

- Jólablað VM: Vinna við jólablaðið er hafin. Ákveðið hefur verið að fækka prentuðum eintökum og senda póst á félagsmenn um að blaðið verði rafrænt og biðja þurfi sérstaklega um prentuð eintök. Samþykkt.
- Svar við fyrirspurn: Formaður fer yfir drög að svarbréfi við fyrirspurn varðandi setu stjórnarmanna VM í stjórn sjúkrasjóðs félagsins. Samþykkt að formaður sendi bréfið f.h. stjórnar.
- Greiðslur fyrir vinnu fyrir VM: Formaður fer yfir drög að reglum um greiðslu kostnaðar vegna vinnu fulltrúa VM við kjarasamningsgerð. Ákveðið að skerpa á orðalaginu í reglunum. Ákveðið að bæta við eyðublaði sem felur í sér að greitt verði samkvæmt tímaskráningarskjali. Samþykkt.
- Tillaga um að setja í gang skoðanakönnun um orlofsmál meðal félagsmanna m.a. um hvort leyfa eigi hundahald í auknum mæli í orlofshúsum. Samþykkt.
- Fyrirspurn um hvort fundargerð frá aðalfundi VM sé orðin aðgengileg. Óskað eftir því að fundargerðin verði sett inn á stjórnargátt.
- Umræða um tímagjald í kjarasamningum sjómanna.

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 11:30